

Fundur almannavarnanefndar Suður- Múlasýslu, haldinn á skrifstofu lögreglustjóra að Strandgötu 52, Eskifirði, miðvikudaginn 12. september 2018, kl. 14.40.

Fundargerð.

Mættir voru:

Inger L. Jónsdóttir, lögreglustjóri, og

Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Í síma:

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

Gott símasamband var við Gauta.

Einnig sat fundinn Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Sameining almannavarnanefnda í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi.
2. Önnur mál.

1. Lögreglustjóri kynnir að frá stofnun nýs embættis lögreglustjórans á Austurlandi í ársbyrjun 2015 hafi hann átt nokkra fundi með bæjar- og sveitastjórum í umdæminu, þar sem m.a. hafi verið rætt um sameiningu almannavarnanefndanna tveggja í eina nefnd.

Nú liggur fyrir samþykki þeirra sveitarfélaga, sem mynda almannavarnanefnd Múlaþings, til sameiningar.

Tilfni þessa fundar er að fá afstöðu þeirra sem skipa almannavarnanefnd Suður-Múlasýslu, þ.e. bæjarstjóra Fjarðabyggðar og sveitarstjóra Djúpavogshrepps auk lögreglustóra, sem er formaður nefndarinnar, til sameiningar nefndanna, þannig að framvegis verði ein almannavarnanefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi.

Fundarmenn eru sammála um, að rétt sé að hafa eina nefnd í umdæminu og samþykkt er samhljóða að styðja sameiningu almannavarnanefnda í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi í eina almannavarnanefnd, sem hafi með sér samstarf um almannavarnir í umdæminu.

Karl og Gauti munu leggja fram tillögu þess efnis til samþykktar hvor í sínu sveitarfélagi.

2. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og lauk fundi kl. 15:05.

Fundargerð ritaði Óskar Bjartmarz.